

Skólaráðsfundur 19. janúar 2021 TEAMS – fundur

Mættir: María skólastjóri, Alfreð fulltrúi starfsmanna, Álfrún kennari, Ingibjörg kennari, Ragnhildur fulltrúi foreldra, Þorvar fulltrúi grenndarsamfélags, Ísak Geir fulltrúi nemenda.

Ritari: Ingunn

Fundarefni:

1. Skóladagatal 2021-2022

Rætt um skóladagatal – komnar dagsetningar á vetrarfrí næsta skólaár. 3 skipulagsdagar eru samræmdir í Kópavogi. Tveir skipulagsdagar eru í samstarfi við Hörðuvallaskóla, tillaga er að þeir séu 1. eða 8. október og 3. janúar. Eftir er að setja inn nemenda- og foreldraviðtöl. Könnun verður send út til kennara skólans um tilhögun þeirra. 10 skertir dagar eru á skóladagatali: 3 vordagar, öskudagur, jólasveinaleikar, jólaskemmtanir, skólasetning, skólaslit og nemenda- og foreldraviðtöl. Skólasetning er eins í öllum grunnskólum í Kópavogi.

2. Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. árgöngum 2020.

Rætt um samræmd könnunarpróf í 4. og 7. árgöngum í september. María fór yfir helstu niðurstöður. Prófið kom vel út og er 4. bekkur yfir landsmeðaltali í báðum greinum. 7. bekkur er aðeins undir landsmeðaltali í íslensku en yfir landsmeðaltali í stærðfærði. 7. bekkur er að bæta sig frá 4. bekk. Nánari skýrsla verður birt á heimasíðu skólans á vormánuðum.

3. Önnur mál

- Skólapúlsinn er tekinn einu sinni í mánuði. Næstu fundur fer í niðurstöður fyrrihluta árs.
- Foreldrakönnun verður send út í febrúar.
- Skólastarf er nokkuð eðlilegt á öllum stigum - allir í mat.
- Lýsing á Elliðahvamsvegi - Þorvar er að leggja drög að lýsingu til Kópavogsbæjar.
- Mötuneyti - fyrirspurn hvort einhverjar uppskriftir og hugmyndir hafa borist – engar hafa enn borist til okkar.
- Covid skólinn tók á í nóvember til desember en allt gekk vel . Eftir áramót eru allir eru jákvæðir gagnvart venjulegum skóladegi. Kaffistofur starfsfólks eru enn aðskildar. Kennarar og nemendur fara á milli hópa. Lögð er áhersla á að passa upp á persónulegar sóttvarnir.

Næsti fundur 16. febrúar - fundi slitið kl 8:41